

4. fundur haldinn miðvikudaginn 30. apríl 2014 á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsi Stykkishólms og hófst hann kl. 13:00**Mættir:**

Berglind Axelsdóttir - Stykkishólmi
AlmaDís Kristinsdóttir - safnstjóri
Laufey Bjarnadóttir – Eyja- og Miklaholtshreppi
Kristín Björg Árnadóttir - boðaði forföll

Dagskrá fundarins:

1. Ráðning forstöðumanns

Rætt um ráðningu Hjördísar Pálsdóttur í starf forstöðumanns. Hún mun hefja störf í byrjun maí. AlmaDís mun vera henni innan handar þegar hún hefur störf.

2. Fjármál/starfið framundan

Safnið fékk viðurkenningu Safnaráðs fékkst á vordögum sem er grundvöllur þess að geta sótt um styrki í safnasjóð og er eina safnið á Snæfellsnesi með slíka faglega vottun og eitt af 39 á landsvísu. (Sjá krækjur sem gott er að hafa í huga varðandi starfsemi safna aftast í þessari fundargerð).

Ein milljón fékkst í rekstrarstyrk frá Safnasjóði fyrir rekstrarárið 2014 og ein milljón úr húsafriðunarsjóði fyrir viðhald glugga (stilla af smið og mála bæði að utan og innan) í samráði við Minjastofnun. AlmaDís telur að það sé betra að fara í framkvæmdir vegna glugga í Norska húsinu í september fremur en maí vegna undirbúnings og opunar safnsins 1. júní n.k. Nýta þarf styrkinn í haust annars fellur hann niður um áramót. AlmaDís nefndi að það þarf að tjarga húsið á hverju ári. Það var gert á árinu 2013. Beðið er eftir svörum frá Menningarráði Vesturlands en sótt var um þrjú verkefni.

Fyrsti sameiginlegi safnadagurinn á Vesturlandi var haldinn 24. apríl s.l. og komu 57 manns í safnið. AlmaDís var í undirbúningshópi fyrir verkefnið sem stýrt er af Markaðsstofu Vesturlands og er mjög stolt af því að koma þessu framtaki á koppinn. Stefnt er að því að þetta verði árvis dagur.

Sett verður upp ein sýning í sumar og er hún unnin út innblæstri frá safneign.

Hrím mun ekki verða með vörur í krambúðinni í sumar. AlmaDís telur að það þurfi að taka ákvörðun um það hvort reka eigi safnbúð í Norska húsinu. Þá leggur hún áherslu á að ráðið verði í 10 - 20% starfshlutfall vegna skráningar og ljósmyndunar muna en 50% staða var lögð niður árið 2010 – hana þarf að endurheimta hægt og bitandi. Safninu hefur verið boðið að taka þátt í að skrifa sögu Byggðasafna í landinu eitt af 20 söfnum. Fá þarf sagnfræðing eða einhvern sem þekkir safnið vel til þess að skrifa grein um Norska húsið–BSH. Mikilvægt

er að allir í stjórninni sinni verkinu á einhvern hátt og að raddir allra sveitarfélaga komi inn í greinina t.d. með því að lesa yfir.

Tæplega 10.000 gestir komu í safnið sumarið 2013 og um 800 manns heimsóttu safnið á aðventu. Búið er að auglýsa eftir sumarstörfum og hefur einungis ein umsókn borist. Auglýsa þarf aftur. AlmaDís mun ljúka störfum frá og með 1. maí en skuldar um vikuvinnu sem hún mun vinna af sér með því að koma Hjördísi inn í starfið og fylgja sýningu sumarsins eftir m.a. með textavinnu og uppsetningu. AlmaDís á inni orlof 436 klukkustundir eða tveir og hálfur mánuður. Er það m.a. tilkomið vegna uppsöfnunar á tímum þegar hún var í 80% starfi.

3. Geymsla dráttarvélar

Dráttarvél var gefin af aðila í Staðarsveit og var lánuð í Sögumiðstöðina í Grundarfirði af safninu. Hún var síðan fjarlægð úr Grundarfirði í Snæfellsbæ án samráðs í desember 2012. Málið var leyst með því að gera lánssamning við Pakkhúsið og Snæfellsbæ. Nú hefur borist boð um að geyma hana í Hraunhálsi. Þar sem fulltrúar Helgafellssveitar voru ekki á fundinum var tekin ákvörðun um að fresta málinu.

4. Önnur mál

AlmaDís býðst til að fylgja ársskýrslu Norska hússins–BSH úr hlaði á framhaldsaðalfundi í ágúst og styðja þannig við nýjan forstöðumann og farsæla framtíð safnsins. Þetta boð hefur engan kostnað í för með sér.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:45

Berglind Axelsdóttir

VIÐAUKI:

Krækjur sem gott er að hafa í huga varðandi starfsemi viðurkenndra safna:

<http://www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/vidurkenning-safna/nr/261>

<http://www.althingi.is/lagas/142/2011141.html>

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=8b2e6fb3-f35c-453a-87b7-3ca71605fa4b>

<http://www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/log/>

<http://www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/um-starfsemi-safna/nr/250>

<http://icom.is/sidareglur/>

<http://www.sarpur.is/UmSarp.aspx>

<http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/forvarsla/handbaekur/nr/2935>

www.thjodminjasafn.is/um-safnid/log-reglugerdir-og-stefna/

<http://www.safnarad.is/safnasjodur/uthlutunarreglur/nr/265>

<http://vimeo.com/channels/598945/75865313>